

EFTIRLITSSKÝRSLA

Bolungarvíkurkaupstaður að Hóli



Dags eftirlits 5.8.2015

Fulltrúi UST Gottskálk Friðgeirsson

Fyrirtæki Bolungarvíkurkaupstaður

Fulltrúi UST

Heimili Aðalstræti 12

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 480774-0279

Flokkur Úrgangur og efnamóttaka

Fulltrúi fyrirtækis Gísli Gunnlaugsson

ÍSAT nr. 38.21.00

Fulltrúi fyrirtækis Finnbjörn Birgisson

Staðsetning 307786,784 635095,624

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi en tvær athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

- 1) Fundur um kröfur í starfsleyfi og skoðun gagna
- 2) Skoðun á urðunarstaðnum
- 3) Samantekt og kvittun fyrir eftirlit afhent.

Sest var yfir skoðun gagna á skrifstofum bæjarfélagsins. Í síðasta eftirliti (2013) komu fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Þau hafa verið leiðrétt og telst þeim lokið.

Fram kom að starfsleyfið hefur reynst rekstraraðila vel en það gildir til júlí 2018. Líklegt þykir að sótt verði um áframhald á starfsleyfi urðunarstaðarins. Bent var á að hefja þarf undirbúning þess snemma og vinna deiliskipulag fyrir svæðið auk annars undirbúnings undir endurnýjun starfsleyfisins. 236 tonn af óvirkum úrgangi var urðaður á síðasta ári. Leyfi er fyrir jarðgerð á urðunarsvæðinu. Allmikið af rotnandi garðaúrgangi og timbri er á svæðinu og mál að hefja jarðgerð. Hugsanlega má nýta efnið við gerð jarðvegsmana á svæðinu til þess að bæta ásýnd. Bein sjónlína er úr efstu hverfum Bolungarvíurbæjar niður á urðunarstaðinn. Samkvæmt grein 2.7 í starfsleyfi telst jarðgerð það þegar lífrænn úrgangur er hakkaður eða tættur og blandaður með stoðefnum með reglulegum hætti, þannig að loftun náiðist í úrganginn.

Kröfur um eftirlitsmælingar eru að finna í grein 3.2 í starfsleyfinu. Ákveða skal á samráðsfundum með fulltrúum Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis mæliáætlun fyrir urðunarstaðinn, sbr. grein 4.8 í starfsleyfinu. Síðustu mælinganiðurstöður úr frárennsli urðunarstaðarins eru frá október 2012. Nú er orðið áríðandi að halda samráðsfund og ákveða nýja mæliáætlun.

Aðrar áætlanir rekstraraðila eru til staðar.

Ákvæði um skráningar eru að finna í grein 3.1 í starfsleyfinu. Upplýsingar um magn og gerð óvirks úrgangs sem tekin er til urðunar berast í sérstakri skýrslu ásamt upplýsingum um garðaúrgang og timburúrgang í jarðgerð.

Herða má að skráningu annarra þáttu sem krafra er gerð um í starfsleyfinu, en þar segir að skrá skuli úrgang sem hafnað er á urðunarstaðnum (spilliefni), upplýsingar um mengunaróhöpp og veðurfar og eigi að taka þessar upplýsingar saman í ársyfirlit sem skal berast til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert.

Öðrum kröfum í starfsleyfinu telst fullhnægt.

Nú hófst skoðun á urðunarstaðnum með Gísla og Finnbirni. Engin urðunarrein var opin og ásýnd svæðisins nokkuð góð. Mikið magn timburafganga var á svæðinu og óunninn garðaúrgangur. Bent var á að leita skal til heilbrigðisnefndar til þess að fá leyfi til nota jarðgerðarefni af urðunarstaðnum til landmótunar.

ATHUGASEMDIR


Athugasemd 1:

Mæliáætlun rekstraraðila liggur ekki fyrir. Á samráðsfundi skal endurskoða mæliáætlun til næstu fjögurra ára. Þetta þarf að taka upp á næsta fundi.

Athugasemd 2:

Athugasemd er gerð við skil á skráningum en eins og segir í grein 3.1 og 3.3 skal senda skýrslu, svokallað ársyfirlit til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars hvert ár.

Reykjavík, 25.08.2015



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.